

**96** heimilt að slíta sambandi við hann. Notandi ber fulla ábyrgð á öllum afleiðingum, sem af vanrækslunni kunna að stafa.  
12. okt.

## 13. gr.

Stjórn raforkufélagsins skal halda bók yfir tekjur og gjöld rafmagnsveitunnar, svo og eignir og skuldir. Ársreikning, miðaðan við áramót, skal hún semja fyrir 31. janúar ár hvert og afhenda hann hinum kosnu endurskoðendum, sem endursendir hann svo endurskoðaðan stjórn raforkufélagsins.

## 14. gr.

Stjórn raforkufélagsins semur gjaldskrá fyrir notkun rafmagnsins og leitar staðfestingar atvinnumálaráðuneytisins á henni.

## 15. gr.

Reglum þessum og gjaldskrá, sem sett verður samkvæmt 14. gr. hennar, má breyta með samþykki atvinnumálaráðuneytisins.

## 16. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum allt að 500 krónum, nema þyngri hegning liggja við, og skal farið með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

Reglur þessar staðfestast hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. október 1932.*

**Þorsteinn Briem.**

---

*Vigfús Einarsson.*

**97**  
12. okt.

## G J A L D S K R Á

fyrir

rafmagnsveitu á Hofsósi.

## 1. gr.

Fyrir hverja heimtaug, sem tekin er í samband við aðaltaugar rafmagnsveitunnar, skal um leið greiða í eitt skipti fyrir öll 25 — tuttugu og fimm — krónur.

## 2. gr.

97

Verð á rafmagni um hemil skal vera 350 — þrjú hundruð og fimmtíu — 12. okt. krónur, fyrir eitt árskílóvatt.

Verð á rafmagni um kílóvattstundamæli til ljósa skal vera sem hér segir: Minnsta árlegt gjald 30 — þrjátíu — krónur, og má fyrir þá upphæð nota 46 kílóvattstundir. Fyrir það, sem notað er fram yfir, greiðast kr. 0,65 — sextíu og fimm — aurar fyrir kílóvattstund.

## 3. gr.

Rafmagn það, sem afgangur er, t. d. að sumrinu til, er stjórn raforkufélagsins heimilt að selja eftir sérstökum samningi.

## 4. gr.

Rafmagnsgjöld eftir hemli ber að greiða ársfjórðungslega. En rafmagnsgjöld eftir mæli ber að greiða mánaðarlega, og falla þau í gjalddaga síðasta dag hvers mánaðar. Sé gjald fyrir rafmagn ekki greitt innan 14 daga eftir gjalddaga, má slíta sambandi við hlutaðeigandi notanda eftir skriflegri tilkynningu til hans.

Gjöld til rafmagnsveitunnar má taka lögtaki.

## 5. gr.

Rafmagnsveitan leigir notendum mæla. Leiga eftir mæli er 75 aurar á mánuði og greiðist á sama gjalddaga og rafmagnið.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. október 1932.*

**Þorsteinn Briem.**

---

*Vígfús Einarsson.*